

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Deiliskipulag fyrir miðsvæði, Víkurbraut 1 og 5, Álaugarvegur 2 og Heppuvegur 5 og 7.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum 12. september 2024 deiliskipulag fyrir miðsvæði, Víkurbraut 1 og 5, Álaugarvegur 2 og Heppuvegur 5 og 7.

Svæðið afmarkast af lóðarmörkum Víkurbrautar 1 til suðurs, vesturs og norðvesturs, lóðarmörkum Víkurbrautar 5 til vesturs, norðvesturs og austurs að gatnamótum Víkurbrautar og Álaugarvegur. Lóðarmörkum Álaugarvegur 2 til norðurs, austurs og suðurs og lóðarmörkum Heppuvegar 5 og 7 til suðurs að Víkurbraut. Meginmarkmið skipulagsins er að styrkja miðbæ Hafnar með fjölbreyttri uppbyggingu þar sem tekið er tillit til manneskjulegs umhverfis svo unnt sé að skapa lifandi miðbæjarkjarna þar sem gott mannlíf þrífst til samræmis við áherslur aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Mörk gildandi deiliskipulagsáætlana, sem eru að hluta innan skipulagssvæðisins, eru aðlöguð að nýju skipulagi eftir því sem við á, þar undir falla:

Deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið við Krossey frá 2014.

Deiliskipulag Hafnarvíkur – Heppa – Höfn frá 2012.

Samhliða gildistöku deiliskipulagsins fellur úr gildi deiliskipulag við Víkurbraut, Höfn – knattleikjáhús frá 2008.

Deiliskipulagið, og breytingar aðliggjandi deiliskipulaga, hafa hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Sveitarfélaginu Hornafirði, 29. október 2024.

Brynja Dögg Ingólfssdóttir, umhverfis- og skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 12. nóvember 2024